

81. fundur

30. maí 2018

1001008SA BÓH  
Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

81. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 30. maí 2018 í Borgartúni 21 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Hjördís Albertsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Breyting á samþykktum og starfsreglum Vonarsjóðs vegna styrkveitinga í tengslum við ferðakostnað innanlands.**

**Niðurstaða:**

Frá og með 1. júní 2018 mun eftirfarandi málsgrein bætast við grein 3.1, staflíð a) í samþykktum og starfsreglum Vonarsjóðs G og SÍ:

Ferðakostnaður innanlands er styrktur í þeim tilfellum sem önnur leið frá vinnustað að námskeiðs/ ráðstefnustað er a.m.k. 50 km. Í þeim tilfellum sem ferðakostnaður fellur til vegna notkunar á eigin bifreið er greitt kílómetragjald. Greiðsla kílómetragjalds felur í sér að fylgt er sömu viðmiðum um gjald pr. km og ákvarðað er af Sjúkratryggingum Íslands, þó verði að hámarki greiddar 45.000 kr. Vegna aksturs félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu til og frá Keflavíkurflugvelli er greidd föst upphæð kr. 3.000 (báðar leiðir). Umsækjandi geri í öllum tilfellum grein fyrir eknum km í umsóknarferli á Mínum síðum. Umsókn um ferðakostnað verður að fylgja með umsókn um námskeið/ ráðstefnu þar sem ekki er hægt að sækja um eftirá.

**2. Önnur mál.**

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30